

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2025-2026
6.nóv kl. 14:30 – 15:30 í Heppuskóla stofa 3 – eða á teams

Fundarstjóri: Þórdís Þórsdóttir

Fundarritari: Eva Rán Ragnarsdóttir

Mættir: Lena Hrönn Marteinsdóttir, Þórdís Þórsdóttir, Inga Rósa Ingvadóttir, Guðrún Ása Jóhannsdóttir, Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir, Helga Guðnadóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir.

Dagskrá

1. Fulltrúar í skólaráði kynntir og farið yfir hlutverk skólaráðs.

Fyrir hönd nemenda;

Björg Sveinsdóttir

10bjorg@skolapostur.is

Bryndís Jóna

10bryndis@skolapostur.is

Fyrir hönd foreldra;

Helga Guðnadóttir

guðnadottirhelga@gmail.com

2022

Elín Ýr Sigurbjörnsdóttir

elinysr@gmail.com

2023

Formaður stjórnar foreldrafélagsins hverju sinni, nú er það

Fulltrúi foreldrafélagsins:

Inga Rósa Ingvadóttir

ingaringvadottir@gmail.com

2025

Fyrir hönd starfsmanna;

Lena Hrönn Marteinsdóttir

lenahr@hornafjordur.is

Guðrún Ása

guðrunasa@hornafjordur.is

2024

Eva Rán Ragnarsdóttir

evan@hornafjordur.is

2024

Fyrir hönd stjórnenda;

Þórdís Þórsdóttir

thordisth@hornafjordur.is

Fundarmenn kynna sig,

2. Hlutverk skólaráðs: Farið yfir hlutverk skólaráðs – Handbók um skólaráð

- Þórdís fer yfir hlutverk skólaráðs. Það er lögbundin skylda að vera með skólaráð. Þetta á að vera lýðræðislegur vettvangur þar sem allir hagsmunaaðliar geti komið skoðunum sínum á framfæri. Spurning að láta vita inn á bekkjarsíðum hverjir eru fyrir hönd foreldra í skólaráði eða í föstudagspósti, eða í fréttabréfi desember. Rætt um að nemendaráð sé vettvangur nemenda til að koma einhverju á framfæri sem þau vilja breyta sem nemendaráð fer svo með inn í skólaráð. Rætt um að foreldrar finni sér varamenn.

3. Fundartímar skólaráðs í vetur – Hvenær eigum við að funda í vetur?

- Rætt um fundartíma því nemendur eru í skólabílum, æfingum og öðru eftir skóla. Rætt um að hafa breytilegan tíma.

4. Fjárhagsáætlun skólans

- a. Búið að kaupa 50 borð og planið að kaupa 50 stóla en ekki búið að ákveða hvernig stóla á að kaupa. Það verður erfitt að gera öllum til geðs. Bent á að það sé mikilvægt að hafa hreyfanleika í þeim upp á hrygginn. Kaupin þurfa bæði að vera hagkvæm en líka þægileg fyrir krakkana.
- b. Gólfþvottavél til að auðvelda þrif og að tryggja betra viðhald á gólfi. Bent á að skoða vel vélina sem keypt verður, hún þarf að vera létt og þægileg, vera með beygjur.
- c. Tvö sjónvörp og festingar.
- d. Lenovo yoga tölvur til að taka upp kennslustundir.
- e. Bravo lesson – sænskt gæðagreiniskerfi, felst í innra mati, heldur utan um það, umbótaáætlanir og tryggir faglegt starf í skólanum.

5. Starfshópur um húsnæðismál grunnskólans

- a. Þórdís kynnir starfshóp um húsnæðismál grunnskólans.
- b. Hópurinn fór í skoðunarferð fyrir stuttu að skoða skóla á Suðurlandi.
- c. Spurt hvort ákveðið sé hvort að skólinn verði í einu eða tveimur húsum. En það hefur ekkert verið ákveðið enn.
- d. Ýmis atriði rædd varðandi húsnæðið

6. Skólapúlsinn fyrir haustið

- a. Lena fer yfir Skólapúlsinn frá því í september.

7. Starfshópur sveitarfélagsins varðandi framtíðaruppbyggingu grunnskólans

Önnur mál:

- a. Foreldri bendir á að ekki sé kennd fingrasetning hér í skólanum. Bent á mikilvægi þess að þau kunni fingrasetningu. Þau kunna lítið að vinna á tölvur þegar þau koma í framhaldsskóla. Þessi umræða fer aðeins út í Ipad/tölvur, rætt um það hvers vegna var ákveðið á sínum tíma að kaupa Ipada en ekki tölvur, þeir endast betur. Kennarar benda á að Ipadarnir eru orðnir að stórum síma inn í kennslustofu. Rætt um að til séu forrit fyrir kennara til að stjórna ipöðum í kennslustundum. Einnig rætt um eignarhald á Ipad, sveitarfélagið myndi kaupa Ipad og nemendur skrifa undir samning um umgengni. Talað um að taka þetta mál inn á næsta fund.